

Lesefni við lokahátíðir  
Stóru upplestrarkeppninnar  
í 7. bekk

2016–2017



Skáld keppninnar

Andri Snær Magnason  
og Steinunn Sigurðardóttir

Raddir,  
samtök um vandaðan upplestur og framsögn  
febrúar 2017

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk vorið 2017.

Búningur sögunnar eftir Andra Snæ Magnason er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagað örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Sumum ljóðum Steinunnar eru gefin nöfn.

# Efni kversins

<b>Inngangur — leiðbeiningar .....</b>	<b>4</b>
<i>Um val á lesköflum .....</i>	<i>4</i>
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð .....</i>	<i>5</i>
<i>Um röð flytjenda.....</i>	<i>5</i>
<b>Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð .....</b>	<b>6</b>
<b>Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason.....</b>	<b>7</b>
<i>Inngangur kynnis .....</i>	<i>7</i>
<b>Önnur umferð: Ljóð eftir Steinunni Sigurðardóttur .....</b>	<b>26</b>
<i>Inngangur kynnis .....</i>	<i>26</i>

# Inngangur — leiðbeiningar

## Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2017. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

**Í fyrstu umferð** verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Blái hnötturinn* eftir Andra Snæ Magnason. Þessum svipmyndum er hér skipt í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáiast í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	1–8 eða 11–18
9 lesarar	1–9 eða 6–14
10 lesarar	9–18 eða 1–2 og 11–18
11 lesarar	4–14 eða 1–5 og 11–16
12 lesarar	1–3 og 6–14 eða 1–5 og 11–17
13 lesarar	4–16 eða 1–5 og 11–18
14 lesarar	1–14
15 lesarar	4–18
16 lesarar	1–16
17 lesarar	1–17
18 lesarar	1–18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir loka-hátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

**Í annarri umferð** lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Steinunni Sigurðardóttur. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í þessu hefti. Gott er að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

**Í þriðju umferð** lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt. Gott er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

## Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

**Áður en upplestur hefst** fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

**Í upphafi fyrstu umferðar** fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að sögu Andra Snæs Magnasonar, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

**Í upphafi annarrar umferðar** fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Steinunni eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

**Í þriðju umferð** getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

## Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftur og röðinni fylgt eins og áður.

## Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð

1. \_\_\_\_\_
2. \_\_\_\_\_
3. \_\_\_\_\_
4. \_\_\_\_\_
5. \_\_\_\_\_
6. \_\_\_\_\_
7. \_\_\_\_\_
8. \_\_\_\_\_
9. \_\_\_\_\_
10. \_\_\_\_\_
11. \_\_\_\_\_
12. \_\_\_\_\_
13. \_\_\_\_\_
14. \_\_\_\_\_
15. \_\_\_\_\_
16. \_\_\_\_\_
17. \_\_\_\_\_
18. \_\_\_\_\_

# Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Blái hnötturinn* eftir Andra Snæ Magnason

## Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru tvö:  
Andri Snær Magnason og Steinunn Sigurðardóttir.

Andri Snær Magnason fæddist árið 1973 í Reykjavík. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund og síðan BA-prófi í íslensku frá Háskóla Íslands. Fyrsta bók Andra Snæs, ljóðabókin *Ljóðasmygl og skáldarín* kom út árið 1995 en síðan fylgdu í kjölfarið *Bónusljóð*, *Engar Smá sögur* en *Sagan af bláa hnettinum* kom út árið 1999 og nú síðast smásagnasafnið *Sofðu ást mín* árið 2016. Auk ljóða og sagna hefur Andri samið nokkur leikverk fyrir svið og útvarp og ritað fjölda greina um ýmis efni í blöð og tímarit. Nú er verið að sýna Bláa hnöttinn í Borgarleikhúsinu.

Verk Andra Snæs hafa verið þýdd á meira en 30 tungumál og hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín, bæði hér heima og erlendis. Má þar meðal annars nefna Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barnabókmennta árið 2014.

Við heyrum nú lesna kafla úr bókinni *Sagan af bláa hnettinum* en hnöttur þessi er lengst úti í geimnum. Við fyrstu sýn virðist hann vera ósköp venjulegur blár hnöttur en það er eitt sem gerir hann alveg einstakan: Þar búa bara börn og ævintýrin á bláa hnettinum eru óteljandi. Saga þessi greinir frá langmesta og langhættulegasta ævintýri sem nokkurt barn á bláa hnettinum grunaði að það gæti lent í.

*Góða skemmtun!*

## 1. Einu sinni var blár hnöttur

Einu sinni var blár hnöttur lengst úti í geimnum. Við fyrstu sýn virtist þetta bara vera ósköp venjulegur blár hnöttur og það er ólíklegt að stjörnuspekingur eða geimfari hefði gefið honum svo mikið sem hornauga. Sól og tungl flugu einn hring í kringum hnöttinn á hverjum degi og vindur bylgjaði grasið og blómin en fossar féllu ofan af háum fjöllum niður í djúp gljúfur. Um himininn fuku skýjahnoðrar og á bak við þá skinu stjörnur. Um allan hnöttinn voru lönd af öllum stærðum og gerðum og í kringum hvert land var haf sem var stundum spegilblátt en stundum svo úfið og ólgandi grátt að öldurnar æddu á land og brotnuðu í þúsund dropa á sandinum.

En það var eitt sem gerði bláa hnöttinn alveg einstakan: Þar bjuggu bara börn. Auðvitað voru þarna líka plöntur og dýr en hringinn í kringum hnöttinn voru börn af öllum stærðum og gerðum, lítil börn og stór börn, feit börn og mjó börn og sum jafnvel skrítn eins og barnið sem þú sérð í speglinum. Börnin voru miklu fleiri en hundrað svo við skulum bara segja að þau hafi verið óteljandi.

Vegna þess að engir fullorðnir bjuggu á bláa hnettinum þá voru börnin fullkomlega frjáls.



## 2.

Þarna var enginn til að skipa þeim fyrir verkum. Þetta voru eiginlega villibörn. Þau átu þegar þau voru svöng og sofnuðu þar sem þau urðu þreytt og léku sér þess á milli án þess að nokkur kæmi til að trufla. Það má samt alls ekki skilja þessi orð sem ádeilu á fullorðna. Margir þeirra eru alveg ágætir.

Blái hnötturinn var fallegur, en hann var líka hættulegur. Hann var svo stútfullur af furðum og ævintýrum að enginn fullorðinn hefði getað búið þar án þess að fá grátt hár og veslast upp af stressi og áhyggjum. Þess vegna hafði enginn fullorðinn lent á hnettinum svo lengi sem yngstu börn mundu og stjörnufræðingar þorðu ekki fyrir sitt litla líf að beina sjónaukum sínum þangað.

En nú gæti einhver spurt:

– Hvaðan koma þá börnin? Hvernig fjölga þau sér?

Verða þau aldrei fullorðin? Hvernig verða þau til ef enginn fullorðinn býr á hnettinum?

Svarið er einfalt:

– Enginn veit. Eins og áður sagði þá hafa vísindamenn ekki mikinn áhuga á bláa hnettinum og þeir hafa ekki rannsakað hann til fulls. Menn vita það eitt að þar búa óteljandi villibörn sem fullorðnast ekki. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum virðist æskubrunnurinn í hjörtum þeirra vera ótæmandi, þannig að börnin gætu allt eins verið mörg hundruð ára gömul.

Ævintýrin voru óteljandi á bláa hnettinum.

### 3.

Í sumum löndum var hægt að elta sjálflysandi eldflugur í myrkrinu eða klifra í klettum og stökkva ofan í ylvogan sjóinn. Í öðrum var hægt að tína skeljar í fjörunni og fylgjast með sæskjaldbökum skríða á land til að verpa eggjum. Þarna voru snarbrött fuglabjörg og jöklar sem skriðu í hafið með miklum skruðningum. Þarna uxu ljósgrænir skógar með páfagaukum og tígrisdýrum sem urðu dökkgrænir á kvöldin þegar úlfarnir fóru á kreik en dimmgrænir á nóttunni þegar leðurblökurnar vöknuðu og köngurlær með loðnar lappir spunnu vefi milli trjágreina.

Einu sinni á ári gerðist ótrúlegur atburður á bláa hnettinum. Þá komst ljósgeisli inn um litla smugu á stórum helli í Ljósafjalli. Þetta var enginn venjulegur hellir. Hann var fullur af sofandi fiðrildum. Þegar ljósið flæddi inn í hellinn og skein á marglita vængi fiðrildanna gerðist undrið mikla. Fiðrildin vöknuðu af dvala. Fyrst blökuðu þau vængjunum ofurhægt og rólega en síðan tókust þau á loft eitt af öðru, flugu út um hellismunnann og eltu sólina heilan dag, hringinn í kringum hnöttinn, yfir lönd og höf og fjöll og dali.

Fiðrildaflugið var mesta undrið á bláa hnettinum og sannkallaður gleðidagur.

Þá lögðust börnin á bakið og fylgdust með loftinu fyllast af fiðrildum í öllum heimsins litum og hverfa á eftir sólinni bak við sjóndeildarhringinn.

#### 4.

En öll ævintýrin voru harla hversdagsleg miðað við ævintýrið sem þessi saga greinir frá. Hér segir frá langmesta og langhættulegasta ævintýri sem nokkurt barn á bláa hnettinum grunaði að það gæti lent í.

Sagan hefst á lítilli eyju í djúpu hafi, skömmu fyrir fiðrildaflugið mikla. Það var bjartur sumardagur og Brimir var á gangi eftir svartri strönd. Hann gekk í hægðum sínum og tíndi kuðunga en stundum fann hann flata steina sem hann notaði til að fleyta kerlingar út í hafið. Hann gekk rólega gegnum mörgæsavarpið og smokraði sér gegnum þvöguna. Hann gætti þess vandlega að stíga ekki á eggjin.

Brimir ætlaði að hitta Huldu vinkonu sína og sýna henni óvenju fallegan stein sem hann hafði fundið við rætur Efstafjalls. Það rétt sást glitta í höfuð hans og gulan hárflokann sem stóð upp úr svarthvítum hópi mörgæsanna. Garnirnar í honum gauluðu vegna þess að hann hafði steingleymt að borða í fjallgöngunni. Hann horfði á girnilegu eggjin undir mörgæsarössunum og fékk vatn í munninn en þegar hann mætti illilegum augum mörgæsanna ákvað hann að láta þau eiga sig.

Hann var jú bara einn en þær örugglega mörg þúsund og þótt þær væru ófleygar þá voru goggarnir flugbeittir.

## 5.

Brimir sá Huldu vinkonu sína draga á eftir sér stóran og þungan poka. Hann hljóp til hennar.

- Hæ, sagði Brimir, hvað er í pokanum?
- Bara selur.
- Bara selur?
- Já, bara einn selur en líka appelsínur og tvær

kanínur.

- Nammi, namm, veiddirðu sel?
- Iss, það var ekkert mál, hann var svo lítill, ég rotaði hann með lurki, sagði Hulda og sló létt á hausinn á Brimi.
- Á ég að hjálpa þér að draga pokann?
- Það væri ágætt.

Þau örkuðu af stað eftir fjörunni og drógu á eftir sér pokann sem máði burt sporin í sandinum.

Brimir og Hulda klifruðu upp á hól. Þau horfðu út á hafið og svarta fjörusandinn í víkinni með pálmatrjánnum þar sem þau ætluðu að verka skinnið og elda selinn. Þau söfnuðu rekaviðardrumbum, kveiktu bál og grilluðu selinn í heilu lagi. Þegar þau höfðu étið nægju sína settust þau í sandinn og horfðu á sólarlagið. Síðan lögðust þau á bakið og fylgdust með stjörnunum verða bjartari eftir því sem myrkrið varð svartara.

Ég held að þetta sé örugglega fallegasti og skemmtilegasti dagurinn sem ég hef lifað, hvíslaði Hulda og brosti.

- Já, hann er jafnvel enn skemmtilegri en skemmtilegasti dagurinn sem ég hef hingað til lifað sem var í gær, sagði Brimir.

## 6.

– Hvað gerðist í gær?

– Ekkert sérstakt, ég var samt svo glaður, sagði Brimir og kímði.

– Já, mér finnst lífið eiginlega alltaf verða skemmtilegra og skemmtilegra.

– Og bráðum koma fiðrildin, sagði Hulda og ljómaði.

– Þá verður gaman.

Brimir sýndi Huldu steininn sem hann fann á fjallinu. Hvernig hann glitraði. Eins og þúsund regnbogar. Eins og milljón stjörnur.

– Vá, hvað hann er fallegur!

– Þú mátt eiga hann, sagði Brimir.

– Nei, ég vil það ekki, sagði Hulda, hann er of fallegur.

– Jú, ég vil að þú eigir hann, sagði Brimir.

Og af því Hulda vissi í hjartanu að það er sælla að gefa en þiggja þá ákvað hún að þiggja steininn til að gleðja Brimi.

– Hvernig steinn er þetta?

– Ég held að þetta sé óskasteinn.

– Má ég þá óska mér? spurði Hulda og brosti.

– Já, ef þú vilt, svaraði Brimir, en þá breytist steinninn í venjulegt grágrýti.

– Fæ ég þá aðeins eina ósk?

– Já, en óskin má vera hver sem er.

## 7.

Hulda þagði dágóða stund. Hún velti vöngum, skoðaði hug sinn og lét hugann reika.

- Mér dettur eiginlega ekkert í hug til að óska mér.
- Ekkert? spurði Brimir.

- Ég fæ nóg að borða og ég á marga vini vegna þess að allir eru vinir en ég átti samt alltaf eina ósk, sagði Hulda.

- Hver er hún?

- Ég óskaði þess alltaf að besti vinur minn gæfi mér undurfallegan óskastein. En nú hefur óskin ræst!

Hulda brosti feimnislega, kyssti Brimi laust á kinnina og hélt varlega á steininum, eins og lóueggi.

- Rosalega er þetta skrítin stjarna, sagði Brimir allt í einu.

- Hvar? spurði Hulda.

- Þarna! hrópaði Brimir.

- Það á ekki að vera nein stjarna þarna, sagði Hulda og nuddaði augun.

En stjarnan hékk ekki kyrr úti í geimnum. Hún þaut af stað með stóran eldhala í eftirdragi en stundum fór hún í hringi og snúninga og teiknaði rauða eldstafi á himininn.

- Það er eins og hún sé að búa til stafi í loftinu, sagði Brimir.

- Hér sé stuð, stafaði Hulda.

- Hér sé stuð? Hvernig stjörnuhrap er nú þetta?

Stjarnan hætti skyndilega að mynda hringi í loftinu og núna virtist hún stefna beint á bláa hnöttinn! Frá henni bárust hrikalegar drunur sem urðu sífellt háværar.

## 8.

Brimir og Hulda héldu fast utan um hvort annað.

– Æ, æ, er þetta loftsteinn eða halastjarna?

– Þetta er örugglega hrapandi geimflug!

Geimflugin nálgast með vaxandi hraða og allt varð skjannabjart í kringum þau. Fuglarnir í trjánnum vöknuðu og forðuðu sér með skrækjum. Íkornar skriðu ofan í kanínuholur. Fiskar földu sig í þangskógum en Brimir og Hulda lokuðu augunum og grúfðu sig ofan í sandinn.

– Hún stefnir beint á okkur! hrópaði Hulda. Við kremjumst!

– Haltu fastar utan um mig, hvíslaði Brimir.

Hulda hélt svo fast um Brimi að hún var næstum búin að kremja hann. Síðan kvað við alveg hrikaleg sprenging. BAMM!!!

Sprengingin dundi í fjöllunum og bergmálaði á milli þeirra á meðan sandur og grjót þeyttist yfir alla fjöruna.

Eftir sprenginguna lágu Brimir og Hulda grafkyrr með suð í eyrunum. Þau stóðu varlega á fætur og dustuðu af sér rykið. Djúpur gígur hafði myndast þar sem geimflugin hrapaði. Þau gengu hægt að gígbarminum og kíktu niður. Það sást eiginlega ekkert fyrir reyk en samt glitti í gljáandi beyglað hrúgald á botninum.

– Þetta er alveg eins og gömul Nilfisk ryksuga, sagði Hulda.

– Þetta er geimflugvél, hvíslaði Brimir.

Það var ekki hægt að sjá neina hreyfingu á vélinni.

## 9.

En svo heyrðist lágur dynkur, dunk, bunk, bank, eins og einhver væri að reyna að brjóta upp hurðina á flauginni.

– Hingað hefur enginn komið utan úr geimnum óralengi, sagði Hulda.

Áfram var barið á hlerann, miklu fastar en áður.

– Vonandi er þetta ekki geimskrímslið, hvíslaði Brimir.

Þá heyrðist ógurlegt öskur og barið var af fullum þunga á hlerann. Hann féll með miklu glamri og risavaxin skuggaleg vera birtist í gættinni. Hún starði út í myrkrið.

### Geimskrímslið

Brimir og Hulda hlupu gegnum nóttina eins og fætur toguðu til að láta krakkana vita af geimskrímslinu. Hið eina sem lýsti leið þeirra var tunglið sem hvarf stundum á bak við ský eða pálmatré. Þau hlupu yfir heiðar og gegnum skóga og upp með ánni og yfir eyðimörkina. Allan tímann hrópuðu þau og kölluðu:

– Varið ykkur á geimskrímslinu! Það er komið geimskrímsli!

Börnin sem vöknuðu við lætin hrópuðu skelkuð út í myrkrið:

– Hvar er geimskrímslið?

– Það er í fjörunni með svarta sandinum! Gætið ykkar!

Felið ykkur!

Hvernig lítur skrímslið út? spurðu sumir.

– Ég held það hafi verið svart, hrópaði Hulda og hélt áfram hlaupunum.

– Já, það var svart og loðið og það hafði fjögur höfuð og tennurnar voru beittari en hnífar! kallaði Brimir.



## 10.

- Brauðhnífar eða kjöthnífur? kallaði Óli spekingur.
- Við erum ekki viss, skrímslið var eiginlega bara svart, kallaði Hulda og togaði Brimi á eftir sér.

Og áður en þau voru komin úr augsýn kölluðu þau til krakkanna:

- Ekki koma nálægt Svörtufjöru!

Um nóttina barst fréttin eins og eldur um eyjuna og kveikti ótta í hverju hjarta. Allir vissu af skrímslinu en fáir voru sammála um útlit þess. Sumir sögðu að það væri svart og loðið og gæti étið heilu hnettina með skógum og vötnum og öllum dýrum í einum munnbita. Aðrir sögðu að það væri með tíu höfuð og átján augu með röntgengeislum sem gætu séð í gegnum fjöll. Allir ímynduðu sér hvílík skelfing það væri að hverfa ofan í magann á slíku skrímsli og velkjast og kremjast í görnunum þar sem hlaut að vera ógeðsleg fýla og slepja.

Brimir og Hulda sofnuðu dauðþreytt eftir hlaupin í skógarrjóðri undir ilmandi grenitré.

Hulda vaknaði við skelfingarópin í Brimi.

- Ó, ég fékk svo hryllilega martröð! Geimskrímslið tók úr okkur hjörtun og setti í staðinn fullt af fiðri sem kitlaði svo mikið að ég gat ekki hætt að hlæja þegar skrímslið át mig og tuggði hundrað sinnum vegna þess að mömmuskrímslið hafði kennt því að tyggja matinn vel en loksins þegar skrímslið kyngdi mér þá var það með magann fullan af marglyttusultu. Ég sem þoli ekki síld.

Hulda hristi hausinn.

- Þú og þínir rugluðu draumar.

## 11.

– Ég held við séum búin að sofa of lengi, sagði Brimir og nuddaði stírnar úr augunum, finnum hina krakkana áður en skrímslið étur okkur öll.

Börnin gengu lengi lengi í gegnum skóginn. Það var kominn bjartur dagur en þau sáu ekki eitt einasta barn á ferli. Það voru engin börn við ána eða uppi á heiðinni. Það var ekkert barn í dalnum eða við fjallsræturnar. Brimir og Hulda hrópuðu og kölluðu en enginn svaraði þeim nema aparnir í trjánum og þytur í laufum.

– Ég held að skrímslið sé búið að éta vini okkar, kjökraði Brimir.

– Ég skal finna lurkinn sem ég notaði til að rota selinn, sagði Hulda, og ég skal rota geimskrímslið.

Hulda sveiflaði höndunum í kringum sig og var næstum búin að rota Brimi. Þau læddust niður í Svörtufjöru. Þaðan heyrðust ógurleg læti.

– Uss ... hvíslaði Brimir og hlustaði. Heyrist svona hljóð þegar geimskrímsli bryður hauskúpur og sýgur úr þeim heilann?

– Mér heyrir þetta vera hlátur, sagði Hulda.

– Ó, nei! hrópaði Brimir, þetta er þá ekki bara eitt geimskrímsli heldur heill hellingur af hræðilegum hlægjandi geimskrímslum sem eru hættulegri en allir úlfar og öll ljón og allar eiturslöngur til samans!

Þau skriðu skjálfandi á beinum upp á fjörukambinn og horfðu ofan í gíginn þar sem geimskipið hrapaði. Við þeim blasti ótrúleg sjón.

– Hvað er þetta? spurði Brimir forviða.

– Skrímslið er eins og ofvaxið barn! sagði Hulda með öndina í hálsinum.

## 12.

– Ég held að ég viti hvað þetta er, sagði Brimir, þetta gæti verið fullorðinn, þeir eru víst alveg risastórir.

Þessi fullorðni maður var vissulega stórskemmtilegur því í kringum hann sátu flestir vinir þeirra. Og skellihlógu! Allir horfðu á þessa furðulegu veru sem sat ofan á beygluðu geimflauginni. Hann var í skyrtu með blómamynstri og gráa skjalatösku í hendinni. Hann líktist engu geimskrímsli.

– Eru fullorðnir ekkert hættulegir? spurði Brimir.

– Sumir eru víst stórhættulegir, en þessi sýnist mér bara vera fyndinn, sagði Hulda.

Brimir og Hulda önduðu léttar en voru samt dálítið skömmustuleg á svipinn. Stórhættulega skrímslið var þá ekkert nema stórskemmtilegur maður. Þau læddust ofan í gíginn til barnanna. Brimir settist hjá Rökkva vini sínum sem var skellihlæjandi.

– Hver er þetta? hvíslaði Brimir.

– Uss, hlustaðu.

– Halló krakkar, ég er Glaumur hressi og ég er ýktasti maður í heimi og ég get allt, skal ég segja ykkur, því ég er ýkt hressasti maðurinn sem fæti hefur stigið á þennan bláa hnött!

Glaumur dreifði nafnspjöldum til barnanna.

Draumauppfyllingamaður?

Geimryksugufarandsölumaður?

– Vá, hvað þetta er skrítin vinna, sagði Hulda.

– Þið eruð svo einstaklega heppin að hafa verið valin til þess að taka við einstöku tilboði, kallaði Glaumur. Ég ætla að láta leyndustu drauma ykkar rætast.

### 13.

- Hvernig er það hægt? spurði Óli spekingur.
- Á nóttunni þegar þið sofnið þá vakna draumarnir.

Þeir skríða inn um eyrun á ykkur eins og litlar pöddur og ganga um í heilabúinu og segja furðulegar sögur alla nóttina. Stundum eru sögurnar svo skemmtilegar að maður vill ekki vakna. En stundum eru þær svo skelfilegar að maður vill helst aldrei sofna aftur. Ég kann ráð til að gera skemmtilegustu draumana að veruleika.

- Ertu alveg viss um að draumar geti orðið að veruleika? spurði Brimir, mínir eru nefnilega svo skrítnir.

Börnin horfðu á Brimi og hlógu, hann hafði oft sagt þeim drauma sína á morgnana og þeir voru svo sannarlega stórfurðulegir.

- Eins og draumurinn um mörgæsirnar fljúgandi og martröðin um talandi furðutré, sagði Hulda og hló.

Glaumur leit yfir barnahópinn og brosti.

- Hvað heitir þú ungi maður?

- Ég heiti Brimir, sagði Brimir.

- Það er ekki eftir neinu að bíða, Birgir minn. Ég byrja á því að breyta þér í fljúgandi mörgæs.

Glaumur sneri sér að Brimi og sveiflaði höndunum kringum sig.

- Draumasaladimm, fljúgandi mörgæs skaltu vera ...

Börnin fylgdust undrandi með en skelfingarsvipur kom á Brimi. Hann lokaði augunum og beið þess sem verða vildi. En þá fór Glaumur að hlæja og tók heljarstökk aftur á bak ofan af geimflugvélinni.

## 14.

– Nei, ég var að grínast, ég uppfylli skemmtilegustu drauma ykkar en ekki þá skrítnustu og geri lífið þannig margfalt skemmtilegra.

Krakkarnir flissuðu.

– Viltu gera lífið skemmtilegra? Þú ert sko á vitlausum hnetti, okkur finnst lífið yndislegt, það getur ekki orðið skemmtilegra.

– Sjáum bara til, sagði Glaumur, hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera?

Rökkvi svaraði fyrstur.

– Þegar tunglið er fullt þá finnst mér skemmtilegast að fara með háfinn minn austur að bjarginu bratta og hlusta á vindinn og ölduniðinn. Ég sest efst upp á bjargbrún og bíð eftir að leðurblökurnar skriði úr holum sínum og svífi um í tunglskininu og sjúgi blóð úr selum sem sofa á steinum fyrir neðan. Síðan háfa ég nokkrar leðurblökur og steiki kjötið á eldi en úr vængjunum bý ég til derhúfur.

– Mér finnst skemmtilegast að klifra upp á fjallstindana og horfa yfir landið en mest langar mig til að klifra upp á Efstafjall, sagði Steinar og horfði dreyminn út í fjarskann.

– Mér finnst skemmtilegast þegar rigningin steypist úr loftinu vegna þess að þá getur maður sveiflað sér í trjánum og stokkið ofan í drullupolla en þegar ég er orðin skítug upp fyrir haus þá fer ég og lauga mig í fossúðanum. Þá verð ég hrein, sagði Margrét og brosti feimnislega.

Þannig héldu börnin endalaust áfram þangað til þau heyrðu rosalegan geispa.

Glaumur geispaði.

## 15.

– Æ, fyrirgefið krakkar mínir en þetta er allt svo fúlt og óspennandi að ég var næstum sofnaður. Kunnið þið virkilega ekki að gera neitt skemmtilegt?

Börnin horfðu hissa hvert á annað.

– En þetta er skemmtilegt.

– Já, okkur finnst það!

– Nei, ég er að tala um almennilegt stuð og fjör, sagði Glaumur. Æ, þið eruð svo hrikalega vanþróuð.

Það varð þögn í smástund. En allt í einu lifnaði yfir Huldu.

– Við gleymdum því allra skemmtilegasta, krakkar! Þegar fiðrildin vakna í hellinum og fljúga á eftir sólinni, þá er sko fjör, því það er það fallegasta sem gerist í heiminum.

– Þá syngja fuglarnir af gleði!

– Eftir fiðrildaflugið erum við svo glöð að gleðin endist í heilt ár, alveg þangað til fiðrildin fljúga aftur. Þá verðum við himinlifandi.

Glaumur geispaði aftur.

– Hvað þykist þið hafa séð af heiminum? Það eru til fallegri fiðrildi. Ég get sýnt ykkur hluti sem eru miklu flottari og skemmtilegri en allt þetta til samans á einstöku sérkostatilboðskjaraverði með afslætti á útsölu!

Flottara og skemmtilegra? spurðu börnin forviða.

– Á einstöku sérkostatilboðskjaraverði?

– Já, einmitt, með afslætti á útsölu, sagði Glaumur.

– En við notum ekki peninga, sagði Rökkvi.

– Ég er viss um að þið viljið borga fyrir þetta, sagði Glaumur brosandi og leit yfir hópinn. Hann horfði fast í augun á sérhverju barni.

## 16.

– Langar ykkur ekki til að fljúga? Frjáls eins og fuglar?  
Létt eins og fiðrildi?

Glaumur vissi að allir láta sig dreyma um að fljúga eins og fuglar eða fiðrildi um fjöll og firnindi. Meira að segja lofthræddar kerlingar vakna með gleði í hjarta eftir slíka drauma.

Brimir svaraði fyrir börnin.

– Auðvitað langar okkur til að fljúga eins og fiðrildi. Um nætur dreymir okkur endalausa drauma þar sem við fljúgum og svífum og það eru skemmtilegustu draumarnir. En við vitum að það er ekki hægt út af þyngdaraflinu.

– Ertu kannski að gabba? spurði Hulda og horfði rannsakandi á Glaum.

– Nei, ég er ekki að gabba. Ég kann nefnilega ráð til að láta ykkur fljúga.

Krakkarnir horfðu vantrúaðir hver á annan.

– Gætum við flogið í loftinu eins og fuglarnir?

– Sýnið mér hvar fiðrildin sofa og þið skuluð fljúga.

– Því skal ég lofa en ekki ljúga.

Börnin fengu fiðring í magann. Áttu þau virkilega að geta flogið sjálf?

Þau gengu af stað í einni halarófu gegnum skóginn, upp með ánni, yfir heiðar og um dali þar til þau komu að hellinum í fjallinu þar sem fiðrildin sofa í heilt ár eftir að hafa flogið kringum hnöttinn á eftir sólinni.

– Uss, hvísluðu börnin, það má ekki vekja fiðrildin.

– Er þetta fiðrildahellirinn? spurði Glaumur og gægðist inn um opið.

– Já, hér sofa fiðrildin.

## 17.

Glaumur tók stóra ryksugu upp úr töskunni sinni.

- Þetta er AP xu 456r 2000 ofurryksugan.
- Vekur hún ekki fiðrildin?
- Ryksugur eru hljóðlausar, vitið þið ekki neitt? spurði

Glaumur forviða.

Hann tengdi langan stút við vélina og stakk honum inn um hellismunnann. Hann setti vélina í gang og það var satt, það heyrðist ekki hljóð.

- Ertu að ryksuga fiðrildin? spurði Brimir og fölnaði.
- Það eru engin lög í þessu landi svo það hlýtur að mega ryksuga fiðrildin.
- Ertu að ryksuga fiðrildin? spurðu börnin skelfingu lostin.

- Voðalega eruð þið stressuð, kíkíð inn í hellinn.

Krakkarnir litu inn í hellinn og sáu að öll gólf og allir veggir og dropasteinar voru þaktir steinsofandi fiðrildum, alveg eins og venjulega. Allir önduðu léttar.

- Sjúkk, fiðrildin eru í lagi, sagði Brimir.

Glaumur opnaði ryksuguna, tók úr henni pokann og hélt honum hátt á loft.

- Vitið þið hvað er í þesum poka?

Börnin horfðu hvert á annað.

- Er þetta stjörnuryk?
- Eða fiðrildakúkur?
- Nei, þetta er ótrúlegasta töfraduft í heimi, krakkar mínir, sagði Glaumur, þetta er FIÐRILDADUFT!



## 18.

– Fiðrildaduft?

– Hafið þið aldrei gómað fiðrildi?

Allir höfðu einhvern tíma gripið fiðrildi.

– Þegar þið sleppið því er lófinn þá ekki stundum fullur af glitrandi ryki?

– Jú, sögðu börnin.

– Það er duftið sem lætur fiðrildin fljúga þegar sólin skín á vængina.

– Og hvað eigum við að gera við svona fiðrildaefni? spurðu krakkarnir.

– Ég skal sýna ykkur.

Glaumur gekk til Rökkva og sáldraði duftinu yfir hendur hans. Í fyrstu gerðist ekki neitt, síðan var eins og hann yrði fisléttur og loks lyftist hann upp af jörðinni og sveimaði yfir höfðum þeirra. Börnin tóku andköf af undrun.

– Ég flýg! Ég flýg! hrópaði Rökkvi.

Krakkarnir á jörðu niðri skellihlógu.

– Hann flýgur! hrópuðu þau hlæjandi og dansandi.

– Ég flýg! kallaði Rökkvi. Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef nokkru sinni gert.

Hann sveif um loftið eins og fiðrildi. Tók hringi og dýfur og fékk fiðring í magann. Hann hékk í trjágreinum, fékk sér kíví og appelsínur af trjákrónum og kastaði niður til hinna.

– Þetta er frábært, sagði hann. Þetta er ótrúlega frábært. Þetta er frábærlega ótrúlega æðislega skemmtilegt! Glaumur er skemmtilegasti maður í heimi! hrópaði hann.

# Önnur umferð: Ljóð eftir Steinunni Sigurðardóttur

## Inngangur kynnis

Steinunn Sigurðardóttir ætlaði alls ekki að verða rithöfundur þegar hún var ung stúlka því þá þótti ekki mjög kvenlegt að fást við skriftir. Hún fór svo leynt með það sem hún skrifaði að hún læsti það inni í skáp og tók lykilinn með sér þegar hún fór úr húsi. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1968 og lauk prófi í heimspeki og sálarfræði frá háskólanum í Dublin árið 1972.

Steinunn gaf út sína fyrstu ljóðabók ári eftir stúdentspróf, en nýjasta ljóðabók hennar kom út í fyrra og heitir *Af ljóði ertu komin*. Hún hefur jöfnum höndum verið rithöfundur og ljóðskáld, auk þess að hafa verið blaða- og fréttamaður. Í skáldsögum sínum hefur hún smíðað margar eftirminnilegar kvenhetjur og í hlutverki blaðamannsins hefur hún samið viðtalsbækur um sterkar og áhrifamiklar konur. Viðtalsbókin *Ein á forsetavakt, dagar í lífi Vigdísar forseta* kom út árið 1988 og fyrir jólin vakti hún mikla athygli fyrir bókina *Heiða – fjalldalabóndinn*.

Steinunn hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín og má þar m.a. nefna Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1995.

Nemendur geta nú valið milli tíu ljóða Steinunnar en þau eru:

Dalurinn	Enginn í eyðidal
Þjóðsaga	Hekla
Snjóflygsur	Auðvitað
Árstíðasöngl	Hvernig á að spyrja?
Til þeirrar litlu	Strákurinn minn

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

*Góða skemmtun!*

# Dalurinn

Þetta er ekki mín sveit, ef ég á sveit  
og hérna fæddist enginn sem ég þekki.  
Ókunnugur jökull, öðru vísi fjöll  
og fuglar syngja falskt í öðru lyngi.

En út í garði undir fjórum trjám  
er skjólsælt fyrir mig í mörgum áttum  
og hvönnin þraukar brött um borð í steini.

Hér er eins konar dalur. Það eru í honum kýr  
og grösín bærast sígild uppi í hlíðum.

Þá opnaðist mitt auga og opnaðist mitt eyra  
og heyr! ég meðtók dalinn, nú varð dalurinn mín sveit.

## Þjóðsaga

Ó þú ert þróstur  
sem skáldin sögðu frá  
jafnvel blöðin  
ljósmyndir hafa birst  
undir stendur þróstur  
kannski þróstur á grein  
eða þróstur á Fjólugötu.

Þeir vilja blekkja mig  
en hvað þýðir það  
ég veit  
þrestir eru þjóðsaga.

Ég brosi enn góðlátlega  
heyri ég á þá minnst.

Veki þeir mig að morgni  
eru það aðrir fuglar.

## Enginn í eyðidal

Þegar komið er í eyðidal er ekkert.  
Aðeins gróður. Gróður upp í háls.

Þegar komið er í eyðidal er ekkert.  
Aðeins rústir. Rústir tveggja bæja.

Þegar komið er í eyðidal er ekkert.  
Aðeins ein kirkja. Kirkja með krosslausum turni.

Þegar komið er í eyðidal er enginn.  
Aðeins þú. Aðeins þú sjálf  
og hundspakur tjaldur við læk.

Þegar komið er í eyðidal er enginn  
fyrir utan tjaldinn og þig

og tvo menn uppi í kirkjuturni.  
Þeir negla kross á kollóttan turninn  
og fylla dalinn af höggum.

# Hekla

Hún er alveg á heimsælikvarða af Rangárvöllum og hefur á sér sígildan hlykk hægra megin.

Skeytt saman úr Fúsíjama og Snæfellsjökli.

Úr Gnúpverjahrepp verður hún búsældarleg og sómi að henni fyrir sveitina.

Blátindurinn skagar yfir tún,  
sólgræn, og stundum með rúlluböggum.

Sé gengið á hana verður hún hins vegar djöfulleg.  
Það rísa oddhvassar gufur kringum gíginn. Þráðbeinar,  
jafnvel í roki.

Reyndir ferðamenn eru ekkert að tylla sér.

# Árstíðasöngl

Að liggja á meltunni í miðjum fjallahring  
með hvíttri bungu  
og strýtum

meðan búalið hirðir og snýr.

Að nýta gargið í hvaða fugli sem er til yndisauka  
og éta mikið af hundasúrum.

Kitla kærastann með puntstrái bak við eyrað,  
krakkar mínir  
fara í mjög stutta heilsubótargöngu

leggjast aftur milli þúfna

með sól í hásuðri og eitt ferkantað ský  
á himninum til hægri.

Það er lífið, krakkar mínir.

## Til þeirrar litlu

Á morgnana stundum  
þegar hart er í ári  
læðist sú litla inn um dyrnar  
og dregur frá gluggunum mínum.

Ef vel liggur á þeirri litlu  
færir hún manni heitan drykk  
og hunang; fléttar hárið úfna,  
leikur Ólsen Ólsen af snilld,  
hlustar andaktug á níundu  
og þerrar tárin mín sem hrynja  
í takt við píanóið, rigninguna og sönginn,  
sem fylgir mér veginn langa  
þótt sú litla verði eftir.



## Auðvitað

Ef ekki verður rigning  
borðum við vínarbrauð  
og tárfellum í Tjörnina.

Ef ekki verður þoka  
sé ég þig kannski á götu  
aleinan með skólatösku.

Ef það verður rigning  
bregðum við upp regnhlíf  
sláum á léttari strengi  
og syngjum jólasálma  
á Hellisheiði að vori.

Ef það verður þoka  
förum við heljarstökk aftur á bak  
og snúum aldrei við.

En auðvitað verður hvorki  
þoka né rigning.  
Auðvitað verður sólskin.  
Auðvitað.

## Hvernig á að spyrja?

Krúsir og dallar og dýr  
glær inní búri

og manneskjan þú  
hvernig á ég að vita  
hvort það mætti ekki leggja  
að jöfnu við okkur.

Erum við kannski  
illa gerð dolla í íslenskum glugga  
og sambandið einskisvert skran?

eða er spurningin skökk: veit enginn  
hve dýrmætt það kann að reynast?

Ef við legðum líf okkar undir  
væri þá hægt að reikna það út?

# Strákurinn minn

Strákurinn minn  
er sterkur eins og sólin  
heitur og hlýr eins og vorið blítt.  
Þegar hann brosir þá bráðnar allt  
eins og döggi fyrir sólu og allir elska hann  
alla daga, einkum sumir alltaf.  
Hann er fjársjóðurinn mesti  
sem enginn hefur séð  
og það á hann ekki neinn,  
síst af öllu sumir,  
en það breytir ekki því  
að hann er og verður  
strákurinn minn.

## Snjóflygsur

Veturinn þeirra var eilíf bið. Þær héngu fastar í efra.

Þar til maímánuður leysti þær.

Sigurför! undir lúðrablæstri að ofan

svífa þær gráðugar mannhæð af mannhæð.

Leiðarendi er undir ljósastaur eftir skuggadans

eða á trjágrein í póstkortaleik.

Þær safnast fyrir alsælar í nýju svigrúmi

að bíða eftir lendingu lítilla systra.